

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 23. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hleina að Langeyrarmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Breytingin felst í byggingareit fyrir bílskúr við húsið nr. 7 við Flókagötu, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. október 2001.*

**Hafdís Hafliðadóttir**, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.